



Landssamband æskulýðsfélaga

11. fundur stjórnar 2009 – 2010
Haldin á skrifstofu félagsins í Hinu húsinu kl. 10:45
2. mars 2010

Mættir: Unnur Hjálmarsdóttir (UH), Sindri Snær Einarsson (SSE), Björn Guðmundsson (BG) og Auður Geirsdóttir (AuG). Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri boðaði forföll.

Fundur settur: 11:00

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

BG var boðin velkomin í stjórn og fram fór stutt kynning á stjórnarmönnum.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Frá framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri var heima með veikt barn en UH fór yfir þau mál sem voru frá HTF.

- a) Framkvæmdaáætlun fyrir Lífandi bókasafn var send ráðuneyti fyrrir skemmstu. Haldið áfram að vinna eftir því.
- b) Opin dagur LÆF. SEE lagði til að bæjarstjórnnum á höfuðborgarsvæðinu yrði boðið á opin dag. Farið var yfir verkplanið og stjórnarmenn hvattir til að fylgjast með verkefnum sínum og sinna þeim.
- c) Farið var yfir þau málefni sem liggja fyrir fulltrúaráðsfundi þann 2. mars. Málefni eru skilgreining á hugtakinu æskulýðsfélag, sambandsþing og niðurstöður spurningakönnuna aðildafélaga.
- d) Sagt frá því að LÆF mun standa fyrir kynningu á Nordbuk styrkjunum fimmtudaginn 18. mars n.k. milli kl. 12 og 13. Húsnæðismál eru ekki komin á hreint en Jón Ómar Gunnarsson æskulýðsprestur og nefndarmaður í Nordbuk nefndinni mun sjá um kynninguna.
- e) Ársreikningur félagsins var samþykktur af skoðunarmönnum og lýstu þeir ánægju með reikningana.
- f) HTF gerði nýjan samning Gerðu Bjarnadóttur bókara. Samningurinn er til þriggja ára.

3. Frá æskulýðsráði

SEE sagði frá síðast fundi hjá æskulýðsráði sem haldin var í húsakynnum UMFÍ. Fámennt var á fundinum en það sem stóð upp úr er að ákveðið var að skipa ráðgjafanefnd um æskulýðsrannsóknir eins og kveðið er á í Æskulýðslögum.

Stjórnarmenn ræddu næstu skref LÆF hvað varðar sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar undir þessum lið.

4. Spurningarkönnun aðilfarfélaga

Niðurstöður könnunarinnar voru ekki endalega tilbúnar en verða það fyrir fulltrúaráðsfund þann 2. mars kl. 19:00.

5. Norræn ráðstefna um ungt fólk

UH sagði frá fundi sem hún og HTF sóttu í Menntamálaráðuneyti um norræna ráðstefnu um ungt fólk sem ráðuneytið mun standa fyrir 20.-21. maí n.k. í Reykjavík. Á ráðstefnunni á að fjalla um niðurstöður samnorrænnar könnunar um hagi ungs fólks á aldrinum 16-19 ára. Könnunin var byggð á könnunum Ungt fólk sem gerðar hafa verið á Íslandi síðan 1992. UH sagði frá því að hún og HTF hefðu á fundinum lagt áherslu á að tryggt væri að ungt fólk sækti ráðstefnuna. Auk þess sögðu þær LÆF tilbúið að koma upplýsingum um ráðstefnuna á framfæri við systurfélög sín á Norðulöndunum. Áfram verður fylgt með þróun ráðstefnunarinnar.

6. Alþjóðastarf

- a) Fjallað var um B-Young verkefnið sem LiJOT stendur fyrir. Ákveðið að LÆF muni ekki taka þátt í verkefninu en halda áfram að kynna það fyrir aðildarfélögum einkum í gegnum póstlistann.
- b) Comem fundur YFJ verður haldin í lok apríl n.k. í Brussel. Ákveðið að annað hvort UH eða HTF sækir fundinn fyrir hönd LÆF.

7. Bréf og önnur skjöl sem þarfnast afgreiðslu

Enginn skjöl sem þarfnast afgreiðslu

8. Önnur mál

Enginn

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 12:00

Fundargerð ritaði:
Auður Geirsdóttir
gjaldkeri LÆF